

**Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 4. bekkur
skólaárið 2019-20**



Kennari: Ásdís Erla Guðjónsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í eina önn

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk	<p>Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velja og nota nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. • Gera grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með. 	<p>Nemendur vinna hluti úr timbri þar sem reynir á notkun helstu verkfæra smíðastofunnar.</p> <p>Unnið er með ýmsar viðartegundir og nemendur kynnast þeim við vinnu sína.</p>	Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann og hans vinnu eftir hvern tíma.
Hönnun og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • Draga einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. • Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. • Framkvæma einfaldar samsetningar. • Benda á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi. 	<p>Leitast er við að örva sköpunargleði, ímyndunarafl, sjálfstæði og sjálfstraust með vinnu þar sem nemandinn vinnur frjálst útfrá sínum hugmyndum á milli verkefna. Nemandi teiknar upp sínar hugmyndir og með aðstoð kennara útfærir hann hugmyndina.</p> <p>Nemendur setja saman hluti, ýmist negla eða líma, eftir tegund verkefna.</p> <p>Við tengjum tækni, hönnun og smíði við daglegt líf nemandans og styðjumst við veraldarvef Finn til upplýsinga,</p>	
Umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. • Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar. 	<p>Við vinnu á verkefnum er ávallt leitast við að nýta efnið sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni.</p> <p>Kennarinn leiðbeinir nemanda við vinnuna og hvernig best er að beita líkamanum við vinnu.</p>	
Námsgögn:			
Unnið er með ýmsar fyrirmyndir að verkefnum bæði í eigu skólans og af veraldarvefnum.			
Lokanámsmat:			
Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.			